

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
08. júlí 2011 8.9.0
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júní 2011  
Tilvísun: UST20110500039/ksj

### Efnaeiming ehf í Höfnum, Reykjanesbæ. Tikynningaskyld framkvæmd. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 11. maí sl. en þar óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, um hvort og á hvaða forsendum starfsemi Efnaeimingar ehf. í Höfnum, Reykjanesbæ skuli háð umhverfismati. Svar Umhverfisstofnunar var að stofnunin teldi sig ekki getað svarað erindinu þar sem upplýsingar skorti. Ósk Skipulagsstofnunar um frekari umsögn barst þann 16. júní sl. ásamt svörum frá Efnaeimingu.

Efnaeiming sérhæfir sig í starfsemi sem er endurvinnsla fljótandi leysiefna, með því að eima leysiefnin frá þurrefnunum. Þannig fást hrein leysiefni sem eru endurnýtt. Endurvinnslustöðvar eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar j í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### Aðstaða fyrir starfsemi

Starfsemi Efnaeimingar fer að miklu leyti fram utandyra á steinsteyptu plani og er þró eða brunnur á planinu sem tekur við mögulegu frárennsli frá utandyrageymslum og gámi þar sem eiming leysiefna fer fram. Niðurfallið er leitt í steiptan brunn við hlið hússins sem auðvelt er að dæla upp úr. Á brunninn hefur verið settur lokunarbúnaður sem síðan er tengdur við frárennsli. Innandyra er aðstaða til viðhalds og geymslu tækja ásamt skrifstofu, salerni og kaffiaðstöðu.

### Niðurfall og frárennsli

Eins og fram kemur hér að ofan er þró á plani við húsnæði starfseminnar sem tekur við frárennsli frá starfseminni, en þróin tekur einnig regnvatni af planinu. Á þrónni er krani (lokunarbúnaður), sem er opnaður þegar regnvatn hefur safnast í þróna. Frá krana er frárennslið leitt út í sjó, en viðtakinn er strandsvæðið Ósabotnar sem er á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er ofangreint fyrirkomulag óhentugt, þar sem útstreymi á leysiefnum frá starfseminni á ekki að vera mögulegt undir neinum kringumstæðum.

Ofangreind þarf því að vera lokuð að mati stofnunarinnar, ef vel á að vera. Ef þróin er lokuð þá komast leysiefni ekki frá þrónni í frárennsli, en í dag þegar opnanlegur krani er á þrónni þá geta leysiefni fyrir mistök farið um opinn krana í frárennsli. Að mati Umhverfisstofnunar er hættu á að með núverandi fyrirkomulagi kunni leysiefni að berast í umhverfið. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þar sem hráefni til vinnslu hjá Efnaeimingu er með efni sem eru spilliefni, þarf að gera áhættumat á starfsemi, og viðbragðsáætlun ef óhapp skyldi verða skv lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### **Náttúruminjar**

Svæðið sem starfsemi Efnaeimingar er áætluð á er inni á svæði á náttúruminjasrá, þ.e. Ósar í Reykjanesbæ, en í skránni segir: „*Ósar, Reykjanesbæ, Sandgerði, Gullbringusýslu. Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. Mikið og sérstætt dýralíf, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.*” Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að tryggt sé að efni, svo sem leysiefni, fari ekki í frárennsli til sjávar á svæði á náttúruminjasrá, enda geta slík efna haft skaðsöm áhrif á fjölbreytt líf í fjöru svæðisins.

### **Hráefni til vinnslunnar**

Uppistaða hráefna er terpentína, sellulósapynnir og methanol. Efnin koma aðallega frá Efnamóttökunni hf, Málningu hf. Og Plastprent hf. Hráefnislager er 10 – 20 tonn að meðaltali. Í svari Efnaeimingar til Skipulagsstofnunar dags. 16.júní sl. kemur fram að methanol sé í flokki alkohola og flokkist ekki sem spilliefni. Umhverfisstofnun bendir á að skv. löggjöf Evrópu er methanol merkt sem eitru, og samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, telst úrgangur spilliefni ef hann inniheldur 3 % eða meira af efnum sem flokkað er sem eitru.

### **Lyktarmengun**

Þar sem tilkynningar um lyktarmengun hafa borist frá Höfnum telur Umhverfisstofnun afar brýnt að gengið sé úr skugga um að tryggt sé að starfsemi Efnaeimingar sé ekki uppspretta slíkrar lyktarmengunar. Umhverfisstofnun tekur undir að ekki sé líklegt að lyktarmengun sé til staðar í neinu mæli meðan eimingin sjálf fer fram þar sem um er að ræða lokað kerfi. Lyktarmengun getur hins vegar orðið t.d. við meðhöndlun og dælingu hráefnis inn í eimingartækið og hreinsun tækisins að eimingu lokinni. Að mati Umhverfisstofnunar þarf því að liggja fyrir hvaða verklag er notað til að minnka lyktarmengun þ.e. hvernig hráefni fara inn í eimingartækin annars vegar, og þegar eimingartækin eru þrífín hins vegar, og allar uppsprettur lyktarmengunar. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að meta hugsanleg áhrif lyktarmengunar á umhverfið nema að upplýsingar um ofangreind atriði að liggja fyrir.

### **Niðurstaða**

Markmið reglugerðar nr. 806/1999 um meðhöndlun spilliefna er að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun. Að mati Umhverfisstofnunar er hættu á mengun frá ofangreindri starfsemi meðan opnanlegur krani er á frárennsliþró starfsemi Efnaeimingar. Ef þrónni verður ekki lokað telur Umhverfisstofnun hættu á mengun frá Efnaeimingu, þ.e. að leysiefni fari í frárennsli og hafi neikvæð umhverfisáhrif. Í því tilviki telur Umhverfisstofnun

hættu á umtalsverðum umhverfisáhrifum frá starfseminni.

Ef frárennslisþró Efnæimingar verður lokað þannig að engin hætta verði á losun leysiefna í frárennslí, eða önnur sambærileg lausn fundin, eða aðrar ráðstafanir gerðar til að koma algjörlega í veg fyrir að spilliefni geti borist með frárennslí til sjávar, þá telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að umhverfisáhrif Efnæimingar verði umtalsverð hvað varðar frárennslí. Hvað varðar lyktarmengun, þá telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að upplýsingar um verkferli eimingarinnar og verkleg við meðhöndlun hráefna og fullunnar vöru og við hreinsun eimingartækja liggja skýrt fyrir. Ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir er nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif starfseminnar hvað lyktarmengun varðar.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur